



Reglur um birtingu fylgigagna með fundargerðum sveitarstjórnar á heimasíðu Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

1. Almenn fylgigögn með málum til afgreiðslu á sveitarstjórnarfundum skal birta á heimasíðu Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Skulu þau staðsett samhliða viðkomandi fundargerð eða neðan við hana á tilheyrandi valmynd síðunnar. Innsetning gagna skal að öllu jöfnu fara fram strax að loknum sveitarstjórnarfundi.
2. Með sama hætti og í 1. tölulið skal birta með fundargerðum gögn sem lögð eru fram til kynningar á sveitarstjórnarfundum.
3. Ekki eru birt á heimasíðu gögn sem falla undir undanþágur og takmarkanir í 6.–10. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012, s.s. gögn um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga, fyrirtækja og lögaðila sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari sem og gögn sem lögbundin þagnarskylda gildir um.
4. Ef aðili er sendir inn erindi til sveitarstjórnar óskar eftir að gögn því tengd verði ekki birt á heimasíðu skal sveitarstjórn fjalla um það sérstaklega.
5. Reglur þessar taka gildi við samþykkt sveitarstjórnar.

Samþykkt á 55. fundi sveitarstjórnar 7. febrúar 2018.

Kristófer Tómasson sveitastjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Commented [ÁS1]: Þetta segir það sama og fram kemur í 1. lið